

Fundargerð 2. fundar rekstrarstjórnar Dvalarheimilisins Nausts dags. 4. júlí 2019 kl. 13:00. haldinn að Fjarðarvegi 3

Mætt eru:

Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þ. Guðmundsson, Halldóra Pálsdóttir, Sólrún Siggeirsdóttir, og Elías Pétursson formaður, sem ritaði fundargerð. Að afloknum skýringum yfirmanna og umræðum hélt stjórn fundi áfram vegna liða 5 og 6.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Tekjur

Rekstrarstjóri og hjúkrunarforstjóri fóru yfir reksturinn og þróun tekjustreymis sem er töluvert frá því sem áætlun gerði ráð fyrir. Fram kom að ástæður lægri tekna væri tvíþættar, annarsvegar vantaði í uppgjörið tekjur sem fengjust í lok árs og að hinsvegar væri nýting rýma undir áætlun. Munur á raun rekstrarframlagi ríkisins og áætlðu framlagi fyrstu sex mánuði ársins er 9,1 m.kr. Þar ef eru 2,0 m.kr. sem fást greiddar í árslok og eru vegna leiðréttingar.

2. Launakostnaður

Rekstrarstjóri og hjúkrunarforstjóri fóru yfir launakostnað sem er tæpum 6,0 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Fram kom að miklar fjarvistir hafa verið vegna veikinda starfsmanna og veikinda barna. Á fyrstu átta mánuðum ársins hafa samtals 768 vinnustundir verið skráðar vegna veikinda og 155 vinnustundir vegna veikinda barna eða samtals 923 vinnustundir.

3. Starfsmannamál

Hjúkrunarforstjóri og rekstrarstjóri fóru yfir mönnun heimilisins sem er ágæt fyrir veturinn. Vegna fyrisjáanlegra veikinda starfsfólks þá er að mati rekstrarstjóra og hjúkrunarforstjóra full þörf á að ráða starfsmann í afleysingar svo minnka megi aukavaktir. Líklegt er talið að 1,4 stöðugildi verði í veikindafrí næstu 2 til 2,5 mánuði og 0,6 stöðugildi fram að sumri.

4. Framkvæmdir

Farið var yfir mikla þörf á endurnýjun eldra húsnæðis og gerð grein fyrir því að nú stæðu yfir samningaviðræður við hugsanlegan verktaka. Líklegt er að ljóst verði með framhald þess máls á næstu tveim vikum. Einnig kom fram að leitað hefur verið verktaka en án árangurs fyrr en mögulega nú.

5. Störf yfirmanna



Hjúkrunarforstjóri og rekstrarstjóri kynntu tillögu þess efnis að starfshlutfalli hjúkrunarforstjóra yrði breytt úr 80% í 90% og að ráðinn verði hjúkrunarfræðingur í 10% starf. Þar er um að ræða verðandi rekstrarstjóra sem þá yrði í 30% starfi sem rekstrarstjóri og 10% starfi sem hjúkrunarfræðingur. Meginrök eru að mati yfirmanna að með þessari breytingu fengist öryggi hvað varðar afleysingar og að íhlaup rekstrarstjóra í starfs hjúkrunarfræðings yrðu einfaldari. Einnig kom fram að tillagan væri sett fram þar sem nú væri ljóst að menntaður hjúkrunarfræðingur kæmi til með að gegna starfi rekstrarstjóra. Fram kom í máli yfirmanna að ef ekki yrði af umræddri breytingu á þyrfti að greiða fyrir símsvörun utan vinnutíma og bakvakt hjúkrunarfræðings á þeim tíma sem teldist ekki mannaður m.v. 80% starfshlutfall hjúkrunarforstjóra.

Mál þetta var rætt af rekstrarstjórn eftir að yfirmenn heimilisins gengu af fundi og varð niðurstaða stjórnar sú að óska nánari rökstuðnings og kostnaðargreiningar af hálfu þeirra vegna ofangreindrar tillögu. Sú greining og rökstuðningur skal vera til svo fljótt sem verða má þar sem nú líður að vinnu við fjárhagsáætlun næsta árs.

6. Önnur mál

- a. Hjúkrunarforstjóri og rekstrarstjóri óskuðu eftir heimild til að kanna möguleika á að fá iðjuþjálfra til reglulegra heimsóknna og vinnu í nokkrar klukkustundir í hverri heimsókn.

Rekstrarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti að leitað verði eftir iðjuþjálfra en tekur ekki ákvörðun um ráðningu/samning nema fyrir liggja mat á kostnaði vegna reglubundinnar viðveru iðjuþjálfra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:10

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti.